



Suðurland tækifæranna



Tækifærin liggja víða á Suðurlandi. Þorlákshöfn er sameiginlegur valkostur héraðsins sem stórskipahöfn. Landrými er nægjanlegt í næsta nágrenni. Orkuflutningur er hagkvæmur og verulegir kostir til orkuframleiðslu. Samgöngur eru góðar innan svæðisins, og lega hafnarinnar hagstæð með tilliti til siglinga. Suðurland er...


**NÝR VALKOSTUR
FYRIR STÓRIÐJU**

Hér er orka

Á Suðurlandi fer fram stærsti hluti raforkuframleiðslu landsins. Möguleikar á enn frekari orkuframleiðslu liggja víða og fyrir liggur að tvö stærstu raforkuframleiðslufyrirtækin hérlendis eru að undirbúa aukna framleiðslu á nokkrum stöðum í héraðinu. Nú þegar hefur Orkuveita Reykjavíkur hafið framkvæmdir við stærstu gufuafsvirkjun landsins á Hellisheiði þar sem framleidd verða 120 MW einingar af rafmagni og 400MWth af heitu vatni.



Virkjanleg raforka og áætluð notkun árið 2009



Rannsóknir benda til að á Íslandi megi virkja jarðgufu og vatnsafl til framleiðslu á um 50 TW stundum.

Í dag nemur heildar-notkun raforku í landinu öllu um 8,5 TW stundum en mun á næstu árum fara í um 15—16 TW stundir með stækkun stóriðjuvera á Suðvesturhorninu og nýju álveri á Austurlandi.



Helstu virkjanir og virkjunarmöguleikar á SV horninu

Starfræktar virkjanir

Búrfell	270MW
Sultartangi	120MW
Hraunaeyjafoss	210MW
Sigalda	150MW
Vatnsfell	90MW
Sogsstöðvar	89MW
Nesjavallavirkjun	120MW
Svartsengi	45MW

Fyrirhugaðar virkjanir

Urriðafoss	125MW
Núpur	128MW
Búðarháls	100MW
Hellisheiði	500MW
Reykjanes	100MW
Svartsengi	30MW

Mögulegir virkjanakostir

Markarfljót	105MW
Skaftárvirkjun	140MW
Kerlingafjöll	75MW
Torfajökull	700MW
Krísuvíkursvæði	300MW



Kortið hér að ofan sýnir Suður- og Suðvesturland og nánasta umhverfi. Á þessu svæði búa liðlega 240 þúsund manns eða 80% íslensku þjóðarinnar. Keflavíkurflugvöllur með tengingu um Suðurstrandarveg og Reykjavík eru í næsta nágrenni Porlákshafnar.



Hreinn orkugjafi

Það er grundvallaratriði fyrir Íslendinga að saman fari skynsamleg nýting auðlinda og sátt við náttúruna. Stjórnvöld hafa lagt drög að því hvernig saman fari verndun viðkvæmrar náttúru landsins og framleiðsla orku úr einhverjum hreinustu orkugjöfum sem völ er á, vatnsafla og náttúrulegri gufu.

Með beislun fallvatna hefur til að mynda gefist tækifæri á að draga fram orku úr endurnýtanlegri auðlind, sem gnægð er af hér á landi – vatni.

Í nútíma samfélagi, með kröfum um nútíma þægindi sem kalla á mikla orku, er einmitt mikilvægt að geta reitt sig á hreina, endurnýtanlega orku.

Jafnframt er kallað eftir því í auknum mæli að ekki sé gengið á náttúruverðmæti og að komandi kynslóðir eigi sama aðgang að því vistkerfi sem við búum við í dag. Ólíkt öðrum orkugjöfum eins og olíu, gasi, kolum og kjarnorku þar sem gengið er á náttúrulegar auðlindir um leið og til verður mengun og úrgangur, býður náttúra Íslands upp á vistvæna og endurvinnanlega nýtingu.



Í mörgum vestrænum ríkjum sem og öðrum vaxandi iðnríkjum hefur raforkuframleiðsla í för með sér útstreymi kolsýrings sem nemur um 3-6 tonnum árlega á hvern íbúa.

Á Íslandi er þetta talið í kílóum.

www.umhverfisraduneyti.is/
www.ust.is/

Í nánd við náttúruna

Íslendingar hafa lært að lifa með náttúruöflunum allt frá landnáms tíð. Þrátt fyrir návígið við stórkostleg náttúruöfl eru skaðar sökum náttúruhamfara hinsvegar afar fátíðir.

Sem dæmi má nefna að í júní árið 2000 urðu miklir jarðskjálftar á Suðurlandi.

Þrátt fyrir mælanlegt eignatjón var því fjarri að skjálftar þessir gætu talist hamfarir, manntjón varð ekkert og leiddu skjálftarnir t.a.m. aldrei til þess að atvinnulíf á svæðinu stöðvaðist.

Varnir og eftirlit eru með því besta sem gerist í heiminum. Þekking vísindamanna á hættum vegna jarðhræringa, eldgosa og veðurfars er mikil sem skilar sér í því að viðbragðs-áætlanir eru til staðar og í sífelldri þróun.

Traust net almannavarna hefur verið byggt upp. Fræðsla og hátt menntastig gerir almenning meðvitaðan um viðbrögð á hættutímum.

Á Íslandi eru einnig strangar öryggiskröfur til mannvirkjagerðar. Um og yfir 95% allra bygginga á



Íslandi eru byggðar úr járnstyrktri steinsteypu. Sement er framleitt í landinu og hér má finna mikið af byggingarefni eins og mól og sandi. Þróun byggingartækni til að aðlagast aðstæðum hér á landi styðst meðal annars við Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins sem er í tengslum við Háskóla Íslands.

Áratuga sérþekking Íslendinga í virkjunum er í dag orðin að útflutningsvöru þar sem engin önnur þjóð í Evrópu býr að viðlíka reynslu. Þar koma saman margskonar rannsóknir og vísindastarf, m.a. í tengslum við Norrænu eldfjallastöðina.

www.almannavarnir.is
www.orkustofnun.is
www.rabygg.is

Þorlákshöfn


– stórskipahöfn Suðurlands



Höfnin í Þorlákshöfn hefur nýlega verið stækkuð og endurbætt en hugmyndir eru uppi um enn frekari stækkun hennar. Með stækkuninni nú geta skip allt að 130 metra löng og með 7500 tonna burðargetu athafnað sig þar. Heildarlengd hafnarbakka með 5 metra dýpi er 1100 metrar og 8 metra dýpi er á stórum hluta. Athuganir sýna að hægt er að koma upp stórskipahöfn á svæðinu og er kostnaður við slíka framkvæmd áætlaður um þrjár til fimm milljarðar króna. Þorlákshöfn hefur til þessa verið fyrst og fremst útgerðarstaður og öflug höfn hefur átt sinn þátt í blómlegri uppbyggingu svæðisins undanfarna áratugi. Stækkun hafnarinnar, greiður aðgangur að orku, vinnuafli og þjónustu gera Þorlákshöfn að vænlegum stað fyrir hverskonar stóriðju.

Á Suðurlandsundirlendinu er til staðar öflugt og gróandi mannlíf. Á svæðinu er að finna alla þá þjónustu sem nauðsynleg er nútímasamfélagi. Heilsugæslustöð er í Þorlákshöfn og sjúkrahús á Selfossi. Grunnskóli er rekinn í Þorlákshöfn og framhaldsskóli á Selfossi. Þá er á svæðinu rekið umfangsmikil endurmenntun fyrir hinar ýmsu starfsgreinar. Frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur er um 45 mínútna akstur.





Hentugt athafnasvæði

Í Þorlákshöfn og þar í grennd er mikið framboð af hentugu landrymi til ýmis konar starfsemi og staðsetningin er afar heppileg ú frá öllum megin skilyrðum sem fjárfestar setja varðandi staðarval fyrir iðnað og framleiðslu.

- Samgöngur við svæðið eru mjög góðar.
- Stutt er í virkjanir, og flutningskostnaður orku í lágmarki.
- Greiður aðgangur að vel menntuðu vinnuafli, jafnt sérfræðingum, sem fagmenntuðu starfsfólki, iðnaðarmönnum og verkafólki.
- Stutt í helstu byggðakjarna s.s. Reykjavík (51 km) og Selfoss (28 km).
- Samstaða er meðal íbúa og sveitarstjórnarmanna á svæðinu um uppbyggingu iðnaðar.
- Í nágrenni Þorlákshafnar er gríðarlegt framboð af heitu vatni til ýmiskonar orku-notkunar. Stærsta gufuaflsvirkjun landsins er í uppbyggingu í sveitarfélaginu.
- Vatnsbúskapur kalda vatns er með besta móti, t.a.m. er vaxandi útflutningur á drykkjarvatni sem tekið er úr nærliggjandi lindum.
- Nágrenni við höfuðborgarsvæðið, stærsta markaðssvæði landsins.
- Innanlandsflugvöllur er í um 35 mín. akstursfjarlægð og alþjóðlegur flugvöllur í um 50 mín. akstursfjarlægð.
- Hagstætt verðlag er á húsnæði.

Suðurland tækifæranna

Frekari upplýsingar veita:

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands
Austurvegi 56
IS 800 Selfoss
Tel: +354 480 8210
www.sudur.is
atrs@south.is

Invest in Iceland Agency
Borgartúni 35
IS 105 Reykjavík
Tel. +354 561 5200
www.invest.is
info@invest.is

Útgefandi: Stóriðjunefnd Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ábyrgðarmaður: Þorvarður Hjaltason
Umsjón með útgáfu: Sunnan 4 ehf
Ljósmyndir: Einar Elíasson, Sunnlenska fréttablaðið,
Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur
Aðstoð: Landsvirkjun, Orkustofnun, Invest in Iceland,
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands